

Mál nr. 369/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 8. október 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 30. október 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 11. nóvember 2025.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum kemur fram að M hafi hinn 2. nóvember 2024 fallið á hálu viðargólfi við pottasvæði líkamsræktarstöðvar X með þeim afleiðingum að hún axlarbrotnaði. Er slysið varð var starfsfólk X að sinna þrifum og hafði M upphaflega verið meinaður aðgangur í pottinn vegna þrifa. Hún hafi af þeim sökum fyrst farið í gufubað og síðan fengið grænt ljós frá starfsfólki að fara í pottinn. Þegar M var að fara upp úr pottinum rann hún á viðargólfi sem liggur meðfram pottinum. Hafði gúmmímotta sem þar er staðsett verið fjarlægð vegna þrifa. Hefur M gert kröfu um bætur vegna líkamstjónsins úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Með bréfi, dags. 19. ágúst 2025, hefur V hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að slysið verði rakið til óhappatilviljunar eða óaðgæslu M sjálfar. M er þessu ósammála og telur að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna X sem hafi ekki tryggt öryggi viðskiptavina sinna á pottasvæði með fullnægjandi hætti. Telur M augljóst að fyrirkomulag og framkvæmd þrifa hafi verið verulega ábótavant og að starfsfólk hafi greinilega ekki hugsað hlutina til enda. Hættulegt hafi verið að fjarlægja gúmmímottuna við heita pottinn án þess að gera frekari ráðstafanir í millitíðinni. Sennilega hefði verið eðlilegast að loka aðgangi að pottinum tímabundið eða í öllu falli koma að handklæðum eða öðrum aðbúnaði til þess að koma í veg fyrir hálfu og tryggja öryggi gesta nægilega vel. Þá hafi jafnframt verið nauðsynlegt að koma upp viðvörðunarskiltum. Máli sínu til stuðnings vísar M til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 814/2010 og nánar tilgreindra dóma.

Í bréfi sínu til nefndarinnar bendir V á að verið var að þrifa gúmmímottuna á slysstað og að M hafi vitað af þrifunum og að mottan væri ekki á sínum stað. Um sé að ræða útisvæði sem verði hált í bleytu og það sé eðlilegt og fyrirsjáanlegt. Notuð séu gólfefni og mottur sem uppfylla skilyrði 8. gr. reglugerðar um hollustuhætti á sund- og baðstöðum og þrif á pottasvæði. Það að fjarlægja mottu tímabundið, sé hluti af reglubundnum og nauðsynlegum hreinlætisaðgerðum. Að mati X hafi aðstæður ekki verið sérstaklega hættulegar á meðan þrifin fóru fram og M hefði getað beðið þar til mottan væri komin á sinn stað. Engin sambærileg slys hafi áður orðið á svæðinu og slys hafi verið skráð í samræmi við reglugerð. Aðgerðir X eftir slysið, svo sem að setja hitaplötur á svæðið, tengist ekki þessu tilviki. V telur að M hafi ekki sýnt fram á brot á skráðum háttænisreglum né að aðstæður hafi verið óvenjulegar eða sérstaklega hættulegar. Að mati V var um óhappatilvik og/eða eigið aðgæsluleysi M að ræða. Komist nefndin að gagnstæðri niðurstöðu telur V að M beri hluta tjónsins sjálf.

Í viðbótarathugasemdum M er sjónarmiðum V hafnað og ítrekuð sú afstaða að slysið megi rekja til þess að X hafi ekki tryggt öryggi viðskiptavina sinna nægilega vel á pottasvæði líkamsræktarstöðvarinnar.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið skv. almennum sönnunarreglum. Ljóst er að þegar slysið varð var verið að sinna þrifum á pottasvæðinu og gúmmímotta, sem venjulega er staðsett á gönguleiðinni, hafði verið fjarlægð tímabundið í þeim tilgangi. Um er að ræða útisvæði þar sem viðargólf getur orðið hált í bleytu. Slík bleyta verður að teljast eðlileg og fyrirsjáanleg á pottasvæðum. Ekki liggja fyrir gögn sem benda til þess að þrifin sjálf hafi verið framkvæmd á óeðlilegan eða ótryggan hátt eða að ástæða hafi verið til

að loka svæðinu alfarið meðan á þeim stóð. Þá liggur fyrir að sambærileg slys hafi ekki orðið á svæðinu. Af fyrirbyggjandi ljósmyndum verður ráðið að þrifin fóru fram í beinni sjónlínu M og að hún mátti vera meðvituð um að mottan var ekki á sínum stað þegar hún ákvað að fara upp úr pottinum. Þá liggur fyrir að starfsfólk hafði áður beint henni frá pottasvæðinu á meðan þrif stóðu yfir, sem undirstrikar að hún vissi að vinnu var ólokið þegar hún fór aftur í pottinn og síðar upp úr honum. Verður samkvæmt framansögðu að miða við að ekki sé sýnt fram á annað en að um óhappatilvik hafi verið að ræða og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfum M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 2. desember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir